

1862.
26. maím. vafalaust, að Guðrún þessi Magnúsdóttir hefir átt dvöl í Ölfushrepp í Árnessýslu árin frá 1846 til 1858, en þetta síðast nefnda árið fekk hún í fyrsta skipti sveitarstyrk, og með því það atvik, að hún, eptir því sem frá er skýrt, hefir verið geðveik, ekki getur verið því til tálmunar, að hún með dvöl sinni í einni sveit geti orðið þar hrepplæg, ef önnur skilyrði fyrir því eiga sér stað, þá ber nú að álíta hana sveitlæga í Ölfushrepp, og úrskurður amtmannsins yfir suðurumdæminu, dags. 10. októberm. 1856, sem ákveður að hún sé sveitlæg í Strandarhrepp í Borgarfjarðarsýslu, getur ekki komið til greina á móti þessu, þó ekki væri af öðru, þá þess vegna, að hann var upp kveðinn áður en hún var orðin þurfandi sveitarstyrks.

26. maím. **30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Jóns Gissurssonar.**

Með bréfi 6. desemberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt; í því áfrýja hreppstjórnarnir í Biskupstungna hrepp úrskurði yðar 16. marzm. 1860 um framfærsluhrepp Jóns nokkurs Gissurssonar. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga að máli, að úrslit þau, er málið hefir þegar fengið við úrskurð yðar, eiga óbreytt að standa, og eptir þeim er Jón Gissursson sveitlægur í Biskupstungna hrepp.

26. maím. **31. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kándidata frá prestaskólanum í Reykjavík til að taka á móti fátækum brauðum.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 17. dag þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á:

1862.

26. maím.

„að þeim kandiðötum, sem lokið hafa prófi við prestaskólann í Reykjavík, og notið hafa styrks úr almennum sjóði til menntaiðkana sinna við skóla þenna, verði gjört að skyldu að verða prestar á fátækum brauðum á Íslandi, sem enginn sækir um, er hæfilegur sé til að fá þau; en aptur á móti megi þeir eiga von á að koma öðrum fremur til greina til að fá betra brauð, eptir að þeir eru búnir að þjóna fátæku brauði hæfilega langan tíma; en færast þeir undan að þiggja slíkt brauð, borgi þeir tafarlaust aptur styrk þann, er þeir hafa fengið“.

Um leið og þetta skal kunngjört yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, í sambandi við bréf stjórnarráðsins dags. 9. f. m., skorar kirkju- og kennslu-stjórnin á yður að annast um, að efni ofangreinds konungsúrskurðar verði almenningi kunnugt, og að þegar ölmusunum við prestaskólann í Reykjavík er útbýtt, verði hlutaðeigendur með berum orðum minntir á, að þeir með því að þiggja styrk þenna gangist undir skyldu þá, sem um er rætt í ofangreindum úrskurði.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekupart á Grjót-nesi. 30. maím.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá í bræfi yðar, herra amtmaður, 18. febrúarm. þ. á. skýrslu um trjáreka fyrir Grjót-nes landi, sem Munkaþverárklostur á eptir Sigurðarregistri og eldri máldögum, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða til, nú sem stendur, að selja trjáreka þenna fyrir verð það, sem hefir verið fyrir hann boðið; þar á móti biður stjórnarráðið yður um að sæta lagi til að fá rekann leigðan út, eða láta bjóða hann til leigu við opinbert uppboð.